



3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn fimmtudaginn 28. nóv. 2019 kl.11:45.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steindór Einarsson varaformaður, Sigrún María Jörundsdóttir og Þorgerður Anna Arnardóttir. Fundinn sátu einnig Daníel Breki Johnsen fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Fjármál skólans
Uppfærð áætlun um rekstur skólans var send út sem fundargögn. Áætlunin sýnir að staða skólans er góð. Það hefur verið lítið um langtímaforföll starfsmanna og hefur það sitt að segja um afkomuna. Nemendaígildistölur standa í stað hjá FG meðan fækkar hjá sumum öðrum skólum. Nýr upplýsingafulltrúi hefur verið ráðinn frá áramótum í samvinnu við Flensborg og Fjölbautaskóla Suðurnesja.
- Stefnuskjal skólans til næstu þriggja ára
Allar ríkisstofnanir leggja fram stefnuskjal til þriggja ára. Markmiðin skólans sem þar koma fram eiga að vera í samræmi við markmið Hvítbókar. Þriggja anna kerfið vinnur með því að minnka brotthvarf í framhaldsskólum. Hæsta raunmæting sem mælst hefur í FG var á haustönn 2019. Fylgni milli skólasóknar og námsárangurs er staðreynd og lofar byrjunin á þriggja anna kerfinu góðu. Rekstrarhluti stefnuskjalsins snýr að endurnýjun búnaðar að miklum hluta. Áætlun fyrir 2020 einkennist af fjárfestingum í húsbúnaði og væntanleg mun verða aukning í fjárútlátum í tengslum við hugbúnað í stað tölva. Gert er ráð fyrir að nemendur mæti með eigin tölvur í þriggja anna kerfinu.
- Félagslíf nemenda
Árhátíðin í undirbúningi, verið að skoða alla möguleika á húsnæði. Salsaballið er alltaf jafn vinsælt og gekk vel. Æfingar fyrir Gettu betur og Morfís eru í gangi og kepnirnar fara af stað á sama tíma. Árhátíðin verður fyrir en áður vegna þriggja anna kerfisins. Veip er ekki eins áberandi og á síðasta ári en neysla almennt virðist vera á uppleið og full ástæða til að vera vel vakandi fyrir því.
- Skólanámskrá FG
Verið að endurvinnna starfslýsingar í tengslum við jafnlaunavottun. Skipuritið í upfærslu.
- Önnur mál
Skoða kynjaskiptingu í tengslum við verðlaunaafhendingu við brautskráningu.

Fundi slitið kl. 12:40

Fundarritari
Snjólaug E. Bjarnadóttir